

**Fuglalíf í lónstæði Norðlingaöldumiðlunar
neðan 578 og 579 m y. s.**

Kristinn Haukur Skarphéðinsson

Unnið fyrir Landsvirkjun

NÍ-99013 Reykjavík, ágúst 1999



Náttúrufræðistofnun Íslands

EFNISYFIRLIT	Bls.
ÚTDRÁTTUR	3
1 INNGANGUR	4
2 FUGLALÍF Í ÞJÓRSÁRVERUM	4
3 ÁHRIF BREYTTTRAR NORÐLINGAÖLDUMIÐLUNAR Á FUGLALÍF	7
3.1 Áhrif lóns á fuglalíf á einstökum svæðum	8
4 SAMANTEKT OG ÁLYKTANIR	11
6 HEIMILDIR	12

Tafla

1. tafla. Fuglar í Þjórsárverum og lónstæðum hugsanlegrar Norðlingaöldumiðlunar	6
---	---

Mynd

1. mynd. Rannsóknarsvæðið í Þjórsárverum og nágrenni	5
--	---

ÚTDRÁTTUR

1. Fjallað er um líkleg áhrif hugsanlegs Norðlingaöldulóns á fuglalíf í Þjórsárverum og nágrenni miðað við að vatnsborð lóns sé 578 eða 579 m y.s. í stað 581 m y.s. Rætt er um áhrif á fjölbreytileika fuglalífs í Þjórsárverum, þær breytingar sem orðið geta á búsvæðum fugla og hugsanlegar breytingar á fuglalífi á einstökum svæðum. Hér er fyrst og fremst fjallað um aðra fugla en heiðagæs, enda hafa henni verið gerð skil á öðrum vettvangi (Arnþór Garðarsson 1997).
2. Þessi umfjöllun byggist að mestu leyti á sömu gögnum og lögð voru til grundvallar þegar metin voru áhrif Norðlingaöldulóns á fuglalíf miðað við að vatnsborð lóns yrði 581 m y.s. (Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1997). Í þeirri skýrslu er rætt ítarlega um bein og óbein áhrif hugsanlegs lóns á fuglalíf og þær ályktanir sem þar eru dregnar standa óbreyttar, nema annað sé tekið fram í þessari skýrslu.
3. A.m.k. 45 fuglategundir hafa verið skráðar í Þjórsárverum og nágrenni og er talið að tæplega helmingur þeirra (22) hafi orpið. Á hugsanlegu lónstæði (581 m vatnsborð) hafa verið skráðar a.m.k. 35 tegundir, þar af 19 líklegir varpfuglar. Sambærilegar tölur fyrir 578–579 m vatnsborð eru 33 tegundir sem hafa verið skráðar og af þeim eru 14 líklegir varpfuglar. Þjórsárver hafa ekki afgerandi þýðingu fyrir neina fuglategund hér á landi, nema heiðagæs.
4. Fuglalíf í Þjórsárverum er einna mest og fjölbreyttast í efri hluta lónstæðis hugsanlegs Norðlingaöldulóns (581 m vatnsborð), þ.e. í Þúfuveri, Oddkelsveri, og Tjarnarveri. Lón með 579 m vatnsborði og þó enn frekar með 578 m vatnsborði, hlífir Þúfuveri og Oddkelsveri að mestu. Slíkt lón mun því sennilega hafa lítil áhrif á fuglalíf í Þúfuveri og Oddkelsveri. Stórt svæði með auðugu fuglalífi í neðri hluta Tjarnarvers mun fara á kaf, og skiptir þar litlu máli hvort vatnsborð lóns verði 578, 579 eða 581 m.
5. Ef vatnsborð hugsanlegs lóns verður 578–579 m y.s. eru litlar líkur á því að einhverjar tegundir varpfugla hverfi úr Þjórsárverum og nágrenni. Hér um um að ræða himbrima og nokkrar andartegundir sem verpa svo til eingöngu í Þúfuveri.
6. Lægra vatnsborð hugsanlegs lóns (578–579 m y.s.) neðan Sóleyjarhöfða mun litlu breyta fyrir fuglalíf á þeim slóðum. Búsvæði fugla þar munu nær öll fara á kaf og hundruð og jafnvel þúsundir fugla munu missa varplönd sín og fæðusvæði á þeim slóðum.
7. Aukið aðdráttarafli hugsanlegs Norðlingaöldulóns fyrir geldgæsir í fjaðrafelli og þar með vaxandi samkeppni við varpfugla (sbr. Arnþór Garðarsson 1997) er sennilega óháð því hvort vatnsborð lóns verði 578, 579 eða 581 m.y.s.
8. Litlar sem engar upplýsingar eru um fuglalíf á um fimmtungi hugsanlegs lónstæðisins vestan ár, frá Hnífá suður að Eyvafeni og er hér ítrekuð nauðsyn þess að þetta svæði verði kannað.

1 INNGANGUR

Í janúar 1999 óskaði VSÓ Ráðgjöf, fyrir hönd Landsvirkjunar, að Náttúrufræðistofnun Íslands mæti áhrif hugsanlegs Norðlingaöldulóns fuglalíf miðað við að hæsta vatnsborðs lóns yrði 578–579 m y.s. Áður hefur verið fjallað ítarlega um áhrif hugsanlegs Norðlingaöldulóns á fuglalíf í Þjórsárverum en þá var miðað við að hæsta vatnsborð yrði 581 m y.s. (Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1997). Sú skýrsla verður hér eftir nefnd Fuglaskýrslan en þar er að finna ítarlega samantekt á fyrirbyggjandi upplýsingum um fuglalíf í Þjórsárverum.

Í þessari skýrslu verður fjallað um líkleg áhrif Norðlingaöldulóns á fjölbreytileika fuglalífs í Þjórsárverum og þær breytingar sem orðið geta á búsvæðum fugla og á fuglalífi á einstökum svæðum. Þegar hefur verið gerð grein fyrir sennilegum áhrifum lónsins á tegundafjölbreytni gróðurs, gróðurlendi og athyglisverða staði (Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1999).

Hér er byggt á sömu gögnum og lágu fyrir er Fuglaskýrslan var skrifuð. Líkt og þar, verður fyrst og fremst fjallað um aðra fugla en heiðagæs, enda hafa henni verið gerð skil annars staðar (Arnþór Garðarsson 1997). Í Fuglaskýrslunni er einnig rætt ítarlega um bein og óbein áhrif hugsanlegs lóns á fuglalíf, þar á meðal jákvæð áhrif sem lónið kann að hafa. Þær ályktanir sem dregnar eru í Fuglaskýrslunni eiga einnig við hér, nema annað sé tekið fram. **Þessa skýrslu verður því að lesa samhliða Fuglaskýrslunni !**







Áætlað flatarmáls hugsanlegs Norðlingaöldulóns (1. mynd) miðað við að vatnsborð verði 581 m y.s. er 62 km² og er rúmlega fjórðungur þess, eða 17 km², algróinn (Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1999). Áætlað flatarmál lóns með 579 m vatnsborði er 48 km², þar af eru 11 km² gróið land. Þá er áætlað flatarmál lóns með 578 m vatnsborði 43 km², þar af er 10 km² algrónir. Lægra vatnsborð hugsanlegs lóns (578–579 m y.s.) mun því hlífa 6–7 km² meira af algrónu landi en lón með 581 m vatnsborði. Mestur hluti þess gróna lands sem þannig yrði þyrmt (5 km²) er flokkaður sem þurrlendi (Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1999).


2 FUGLALÍF Í ÞJÓRSÁRVERUM

A.m.k. 45 fuglategundir hafa verið skráðar í Þjórsárverum og nágrenni. Tæplega helmingur þeirra (22) eru líklegir varpfuglar (1. tafla). Mun fleiri tegundir (44) hafa verið skráðar vestan ár en austan (30) og skýrist það m.a. af því að athuganir hafa verið meiri og samfelldari á fyrrnefnda svæðinu. Fuglalíf telst vel eða sæmilega þekkt á um 80% af hugsanlegu lónstæði (miðað 581 m vatnsborð) en upplýsingar vantar að mestu um svæðið vestan ár, frá Hnífá suður fyrir Eyvafen.

Heiðagæs er langalgengasti varpfuglinn á þessu svæði (Arnþór Garðarsson 1997); aðrar algengar tegundir eru mófuglar sem byggja afkomu sína á skordýrum. Þrjár þeirra, heiðlóa, sendlingur og snjótittlingur halda sig í þurrlendi og verpa um allt svæðið (Fuglaskýrslan). Lóupræll og óðinshani eru votlendisfuglar og hafa takmarkaðri útbreiðslu í verunum austan ár en fyrrnefndar tegundir. Austan ár er óðinshani að mestu leyti bundin við Þúfuver. Allir þessir mófuglar eru útbreiddir og sums staðar algengir varpfuglar í gróðurvinjum miðhálandisins. Þúfutittlingur er strjáll varpfugl í Þjórsárverum og sennilega ekki árviss.

Norðlingaöldulón

-  Vatn
-  Gróið
-  Ógróið
-  Fyrirhugaðar stíflur
-  Útlínur lóns (581 m)
-  Útlínur lóns (578 m)



1. mynd. Rannsóknarsvæðið í Þjórsárverum og nágrenni.

1. tafla. Fuglar sem sést hafa í Þjorsárverum og Lónstæðum hugsanlegrar Norðlingaöldumiðlunar. Skýringar: V: staðfestur varpfugl, v: líklegur varpfugl, G: gestur; 1: sjaldgæfur, 2: allalgengur, 3: algengur.

Tegund	Þjorsárver vestan ár	Þjorsárver austan ár	Lónstæði Norðlingaöldumiðlunar (581 m)	Lónstæði Norðlingaöldumiðlunar (578 m)	Lónstæði Norðlingaöldumiðlunar (579 m)
Lómur	V1	?	G1	G1	G1
Himbrimi	G1	V1	G1	G1	G1
Álft	V1	V1	V1	G1	G1
Heiðagæs	V3	V3	V3	V3	V3
Grágæs	G1		G1	G1	G1
Snjógæs	G1		G1	G1	G1
Helsingi	G1				
Kanadagæs	G1				
Rauðhöfðaönd	G1	G1			
Urtönd	G1/v1	v1	v1		
Stökkönd	G1/v1	V1	V1		
Grafönd	V1	v1	V1	V1	V1
Skúfönd	G1	G2/v1			
Duggönd	V1	V1	V2		
Straumönd	v1	v1	v1	v1	v1
Hávella	V2	V2	V2	V1	V1
Toppönd	G1	G1	G1	G1	G1
Haförn	G1		G1	G1	G1
Smyrill	G1		G1	G1	G1
Fálki	G1		G1	G1	G1
Rjúpa	V2	V2	V2	V2	V2
Tjaldur	G1				
Sandlóa	V2	V2	V2	V1	V1
Heiðlóa	V3	V3	V3	V3	V3
Sendlingur	V2	V3	V2	V2	V2
Lóupræll	V3	V3	V3	V2	V2
Hrossagaukur	G2	G1			
Spói	V1		V1	V1?	V1?
Stelkur	G1	G1	G1	G1	G1
Óðinshani	V3	V3	V2	V1	V1
Þórshani	G1				
Kjói	V2	V2	V1	V1	V1
Skúmur	G2/V1				
Hettumáfur	G1		G1	G1	G1
Sílamáfur	G2	G2	G2	G2	G2
Svartbakur	G2	G2	G2	G2	G2
Kría	V1	V1	V1	G1	G1
Rita		G1			
Snæugla	G1	G1	G1	G1	G1
Þúftittlingur	V1/G3	v1	v1/G2	v1/G2	v1/G2
Maríuerla	G3	G1	G1	G1	G1
Steindepill	G3		G1	G1	G1
Skógarþröstur	G1				
Hrafn	G2/V1	G1	G1	G1	G1
Snjótittlingur	V3	V3	V3	V3	V3
Alls (45)	44	30	35	33	33
Varpf. (22)	19-21	15-20	15-19	12-14	12-14

Litlar sem engar magnbundnar upplýsingar um þéttleika ýmissa algengra mófugla í Þjorsárverum, en hlutfallsleg tíðni þeirra er þó sæmilega þekkt austan ár (sbr. kort í

viðaukum í Fuglaskýrslunni). Þegar talað er um algengni fugla er það því huglægt mat skýrsluhöfundar sem byggist á samanburði við önnur hálendissvæði, einkum á Austurlandi og mati á hlutfallslegri tíðni einstakra tegunda í Þjórsárverum.

Fuglalíf á hugsanlegu lónstæði Norðlingaöldumiðlunar er allauðugt og fjölbreytt miðað við mörg önnur hálendissvæði (sbr. Fuglaskýrsluna). Með öðrum orðum, þéttleiki varpfugla er sums staðar mikill og tiltölulega margar fuglategundir halda til á svæðinu. Austan ár er fuglalíf fjölbreyttast í Þúfuveri; þar eru skráðar allt að 20 tegundir varpfugla, m.a. nokkrar sem annað hvort eru afar sjaldgæfar eða er ekki að finna annars staðar á Þjórsárverasvæðinu (sbr. Fuglaskýrsluna). Vestan ár er fuglalíf fjölbreyttast í neðanverðu Tjarnarveri og Oddkelsveri en nýlegar upplýsingar vantar reyndar frá báðum þessum svæðum. Þá er erfitt og oftast ógjörningur að staðsetja eldri athuganir á fuglum í verunum vestan ár með tilliti til mismunandi vatnsborðs hugsanlegs Norðlingaöldulóns.

Í lónstæði hugsanlegrar Norðlingaöldumiðlunar (neðan 581 m) hafa verið skráðar a.m.k. 35 fuglategundir og eru allt að 22 þeirra líklegir varpfuglar á svæðinu (1. tafla). Í lónstæði hugsanlegrar Norðlingaöldumiðlunar (neðan 579 m y.s.) hafa verið skráðar 33 tegundir, þar af eru allt að 14 líklegir varpfuglar (1. tafla). Skv. þeim gögnum sem liggja fyrir er ekki að sjá að þessar tölur breytist sé miðað við 578 m vatnsborð en hér er skal ítrekað að gagnasöfnun austan ár miðaðist aðeins við að meta áhrif lóns með 581 m vatnsborði og athuganir vestan ár eru flestar 25-50 ára gamlar og erfitt hefur reynst að staðsetja þær nákvæmlega með tilliti til hugsanlegs lóns.

3 ÁHRIF BREYTTTRAR NORÐLINGAÖLDUMIÐLUNAR Á FUGLALÍF

Áhrif miðlunarlóns ofan Norðlingaöldu á fuglalíf verða einkum tvenns konar, (1) búsvæði fugla munu hverfa undir vatn og (2) þau svæði sem næst eru lóninu munu breytast, aðallega vegna rofs og bakvatnsáhrifa. Um síðarnefndu áhrifin hefur verið rætt ítarlega í Fuglaskýrslunni og vísast hér með til þeirrar umfjöllunar (6. kafli).

Miðað við 581 m vatnsborð er líklegt er að fjölbreytni fuglalífs muni rýrna í Þjórsárverum við tilkomu lóns ofan við Norðlingaöldu. Það stafar einkum af því að ýmsar tegundir vatnafugla (himbrimi, stokkönd, grafönd, skúfönd) halda sig svo til eingöngu á þeim svæðum í verunum sem fara munu að mestu leyti undir hugsanlegt lón. Þessar tegundir munu nánast ekkert geta nýtt sér miðlunarlónið til fæðuöflunar. Norðlingaöldumiðlun mun raunar skerða búsvæði flestra fuglategunda sem verpa í verunum og nágrenni en hlutfallsleg áhrif miðlunar verða sennilega mest á heiðagæs (sbr. Fuglaskýrsluna) og fyrrgreindar tegundir vatnafugla.

Lón með 579 m vatnsborði og þó enn frekar 578 m vatnsborði, hlífir Þúfuveri og Oddkelsveri að mestu og mun slíkt lón því sennilega hafa lítil áhrif á fuglalíf á þeim svæðum. Ef vatnsborð hugsanlegs lóns verður 578–579 m y.s. eru því litlar líkur á að einhverjar tegundir varpfugla hverfi úr Þjórsárverum og nágrenni. Um er að ræða fyrrnefndar tegundir vatnafugla: himbrima og nokkrar andartegundir sem verpa svo til eingöngu í Þúfuveri. Hins vegar mun stórt svæði með auðugu fuglalífi í neðri hluta Tjarnarvers fara á kaf, óháð því hvort vatnsborð lóns verði 578, 579 eða 581 m. Um það svæði verður frekar fjallað í kafla 3.1.

Þjórsárver eru annar mikilvægasti fellistaður geldra heiðagæsa hér á landi á eftir Eyjabökkum. Sumarið 1992 fundust um 4000 geldgæsir í verunum og voru langflestar

í neðanverðu Oddkelsveri (2500). Gróflega áætlað felldu um 500 geldgæsir neðan 581 m línunnar eða um 1/8 hluti geldgæsa í Þjórsárverum og 100–200 fuglar neðan við 579 m hæð.

Norðlingaöldulón gæti aukið aðdráttarafli svæðisins fyrir geldgæsir í fjaðrafelli og þar með leitt til samkeppni við varpfugla um fæðu (sbr. Arnþór Garðarsson 1997). Smávægilegar breytingar í hæsta vatnsborði lóns breyta engu um það sem sagt hefur verið áður um það efni (sjá Fuglaskýrsluna).

3.1 Áhrif lóns á fuglalíf á einstökum svæðum

Hér verða raktar líklegar breytingar sem orðið gætu á fuglalífi á einstökum svæðum með tilkomu Norðlingaöldulóns. Miðað verður við sömu svæðaskiptingu og í 5. Kafli Fuglaskýrslunnar (sjá 1. mynd) og svæðin rakin í sömu röð og þar er gert. Byrjað verður austan ár og farið frá Þúfuveri suður í Svartárósa. Síðan verða raktar líklegar breytingar á fuglalífi vestan ár, byrjað á Eyvafeni í suðri og endað á Oddkelsveri í norðri.

Miðað við 581 m vatnsborð lóns mun vatna upp með allri Þúfuverskvísl og lækjarfarvegum sunnan kvíslar. Auðug fuglasvæði í **Þúfuveri**, norðan við Gásagust, fara á kaf. Vatnsborð hugsanlegs lón mun öðru hverju fara upp fyrir 581 m, jafnvel allt að 582 m (Fuglaskýrslan). Smávægileg hækkun á vatnsborði mun hafa afdrifaríkari afleiðingar í Þúfuveri en annars staðar á lónstæðinu vegna þess hve land þar er flatt. Allar líkur eru því að fuglalíf í Þúfuveri muni eyðast að mestu við tilkomu lóns, m.a. munu einu varpstöðvar himbrimans í Þjórsárverum glatast, svo og þétt heiðagæsavarp.

Verði vatnsborð lónsins 579 m y.s. mun vatna upp með Þúfuverskvísl að Biskupsþúfu. Hugsanlegt er að grónir bakkar meðfram ánni blotni á stuttum kafla og að vatn fari inn í lækjarfarvegum á móts við Gásagust (Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1999).

Ef vatnsborð lóns verður 578 m y.s. mun að öllum líkindum ekki vatna upp í Þúfuver. Lægra vatnsborð hugsanlegs Norðlingaöldulóns (578–579 m) mun því hlífa Þúfuveri að mestu og áhrif slíks lóns á fuglalíf verða því miklu minni en ef vatnsborð lónsins yrði 581 m. Óbein áhrif lóns með 579 m vatnsborð verða þó einhver á gróður og þar með hugsanlega fugla vegna hærri vatnsstöðu (bakvatnsáhrif) en talið er að hætta á áfoki sé óveruleg vegna lítills sandburðar í fjöruborð (Borgþór Magnússon og Ásrún Elmarsdóttir 1999). Miðað við þær forsendur er líklegt að lón með 579 m vatnsborð hafi lítil áhrif á fuglalíf í Þúfuveri. Hér er þó rétt að setja fyrirvara vegna lítills landhalla og nákvæmni korta.

Svæðið **utan Biskupsþúfu** (Sporður) mun að hluta til fara á kaf miðað við 581 m vatnsborð lóns. Hætt er við jarðvegur á þeim grónu svæðum sem upp úr stæðu muni smám saman eyðast. Því má gera ráð fyrir því að mest allt fuglalíf utan Biskupsþúfu fari forgörðum. Miðað við 579 m vatnsborð mun lítill hluti þessa svæðis fara á kaf, svo að fyrirsjáanlegt er að einhverjar breytingar verði á fuglalífi á þessu svæði við tilkomu lóns. Þarna verpa hins vegar fáir fuglar, enda gætir mikils sandfoks á þessum tanga úr farvegi Þjórsár.

Miðað við 581 m vatnsborð munu búsvæði fugla umhverfis Sóleyjarhöfða svo til öll lenda undir vatni, þó að undanskildum **Sóleyjarhöfða** sjálfum og gróðurrimum norðvestan Ferðamannaöldu. Líklegt er að rof eyði smám saman jarðvegi og gróðri á

Sóleyjarhöfða (Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1999) og því yrði lítið fuglalíf eftir á þessu svæði. Miðað við 579 m vatnsborð lóns mun minna af grónu landi fara á kaf (sbr. 1. mynd) en hætta á verulegri gróðureyðingu verður enn fyrir hendi. Erfiðara er að meta hættu á rofi jarðvegs á höfðanum við 578 m vatnsborð (Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1999). Líklegt er fuglalíf umhverfis Sóleyjarhöfða verði fyrir verulegum skakkaföllum af völdum hugsanlegs lóns, þrátt fyrir að vatnsborð verði 578 eða 579 m y.s.

„*Vatnahverfi*” var notað sem vinnuheiti í Fuglaskýrslunni yfir svæðið *frá Vaðöldu í norðri að Svartárósum* í suðri, ásamt gróðurteygingum suðvestan Ferðamannaöldu. Stór hluti þessa svæðis mun lenda undir hugsanlegu lóni og það sem upp úr stendur verða gróðurvana eyjar. Mestallt fuglalíf þarna fer því forgörðum, án tillits til þess hvort vatnsborðs Norðlingaöldulóns verði 578, 579 eða 581 m y.s. Umfjöllunin um þetta svæði í Fuglaskýrslunni er því í fullu gildi.

Hugsanlegt lón mun hafa lítil áhrif á fuglalíf á svæðinu *frá Dratthalavatni vestur í Svartárdrög*, nema við *Svartá*, þar mun lónið ná langt upp með farveginum. Fuglalíf á þessu svæði er fremur fáskrúðugt og strjált. Miðað við 578 m vatnsborð mun vatna um 2 km styttra upp með ánni en við 581 m og um 1 km styttra miðað við 579 m vatnsborð.

Vestan ár mun lónið mun kaffæra allt gróið land á svæðinu frá *Hnífá suður fyrir Eyvafen* og þar með eyða mestöllu fuglalífi á þessu svæði sem reyndar er svo til ókannað. Skiptir hér litlu máli hvort vatnsborð hugsanlegs lóns verði 578 m eða 579 m y.s.

Við tilkomu lóns með 581 m vatnsborði mun væn spilda neðst í *Tjarnarveri* fara á kaf og einnig mun fallett mýrlendi með tjörnum upp með Blautukvísl fordjarfast. Fuglalíf á þessum svæðum, sem einkennast af rústum og lyngmóum, er mikið og fjölbreytt og þar er þétt heiðagæsavarp (Fuglaskýrslan). Allt að 18 tegundir fugla kunna að verpa á lónstæðinu (miðað við 581 m), m.a. duggönd og grafönd. Sú síðarnefnda hefur ekki fundist verpandi með vissu annars staðar í Þjórsárverum (Fuglaskýrslan). Einnig gætu orðið breytingar á nálægum svæðum vegna bakvatnsáhrifa (Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1999).

Miðað við 578 eða 579 m vatnsborð lóns, mundi vatna inn á fyrrgreind svæði og hvað neðra svæðið áhrærir breytir það litlu miðað við 581 m vatnsborð þar sem landhalli er lítill. Í neðri hluta Tjarnarvers mun því stór spilda (um 130 ha) með auðugu fuglalífi fara á kaf og breytir litlu hvort vatnsborð lóns verði 578, 579 eða 581 m. Á efra svæðinu mun hins vegar mun minna land fara undir vatn ef vatnsborð lóns verður 579 m og þó einkum 578 m y.s.

Þar sem þekking á fuglalífi í Tjarnarveri (og Oddkelsveri) byggist aðallega á athugunum Finns Guðmundssonar o.fl. sumarið 1951 og athugunum Arnþórs Garðarssonar o.fl. 1971–74 er nauðsynlegt er að skoða þetta svæði betur, einkum til að meta með meira öryggi fuglalíf á þeim svæðum sem kunna að lenda undir hugsanlegu lóni.

Áhrif lóns í *Oddkelsveri* miðað við 581 m vatnsborð verða einkum þau að Oddkelsdæld fer að mestu leyti á kaf ásamt tjarnasvæði neðst í Oddkelsveri. Mun það einkum hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir endur og aðra votlendisfugla, en einnig fyrir

heiðagæs sem verpur þétt á þessum slóðum. Ef vatnsborð lón verður 579 m y.s. mun stór hluti neðra rústasvæðisins í Oddkelsdæld fara á kaf og einnig mun vatna upp með lækjarfarvegum og vatnsstaða hækka í neðri hluta dældarinnar (Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1999). Við 578 m vatnsborð lóns mun aðeins lítill hluti Oddkelsvers fara undir vatn, þ.e. við ármót Þjórsár og Blautukvíslar. Áhrif lægra vatnsborðs, einkum 578 m y.s., yrðu afar lítil á fuglalíf í Oddkelsveri samanborið við 581 m vatnsborð.

Þjórsárver hafa ekki afgerandi þýðingu fyrir neina fuglategund hér á landi, nema heiðagæs. Hins vegar er ólíklegt er að þeir fuglar sem missa varplönd sín undir hugsanlegt lón geti leitað annað þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir svigrúm sé fyrir þá til að setjast að í nágrenninu. Því er líklegt að fuglum muni fækka fljótlega eftir tilkomu lónsins og þá í réttu hlutfalli við skerðingu á búsvæðum einstakra tegunda. Ekki er hægt að segja um með neinni vissu hversu margir fuglar eiga þar í hlut að máli. Leiða má líkur að því út frá þekktri tegundasamsetningu á svæðinu, flatarmáli hugsanlegs lóns og ágiskun um þéttleika varpfugla að mörg hundruð varppara og þar með fáeinir þúsundir fugla gætu misst búsvæði sín undir lónið. Þetta eru allt fremur algengar tegundir á landsvísu, meðal annars heiðlóa, sendlingur og snjótittlingur.

4 SAMANTEKT OG ÁLYKTANIR

- Fuglalíf í Þjórsárverum er einna mest og fjölbreyttast í efri hluta hugsanlegs Norðlingaöldulóns (581 m vatnsborð), þ.e. í Þúfuveri, Oddkelsveri, og Tjarnarveri. Vatnsborð lóns sem yrði 579 m en þó frekar 578 m y.s. hlífir Þúfuveri og Oddkelsveri að mestu og mun því sennilega hafa lítil áhrif á fuglalíf á þeim stöðum. Að öðru leyti breytast áhrif lóns á fuglalíf lítið hvort sem miða er við 581 m eða 578–579 m.
- Ef vatnsborð hugsanlegs lóns verður 578–579 m y.s. eru litlar líkur á því að tegundum varpfugla fækki á svæðinu. Um er að ræða himbrima og nokkrar andartegundir sem verpa svo til eingöngu í Þúfuveri.
- Stórt svæði með auðugu fuglalífi í neðri hluta Tjarnarvers mun fara á kaf, óháð því hvort vatnsborð lóns verði 578, 579 eða 581 m.
- Lægra vatnsborð hugsanlegs lóns (578–579 m y.s.) neðan Sóleyjarhöfða mun litlu breyta. Búsvæði fugla þar munu nær öll fara á kaf og gætu þúsundir fugla misst varplönd sín og fæðusvæði á þeim slóðum.
- Aukið aðdráttarafl hugsanlegs Norðlingaöldulóns fyrir geldgæsir í fjaðrafelli og þar með aukin samkeppni við varpfugla (sbr. Arnþór Garðarsson 1997) er sennilega óháð vatnsborði lónsins.
- Þjórsárver hafa ekki afgerandi þýðingu fyrir neina fuglategund hér á landi, nema heiðagæs.
- Leiða má líkur að því að mörg hundruð varppara og þar með fáeinir þúsundir fugla gætu misst búsvæði sín undir lón með 578–579 m en lón með lægra vatnsborði.
- Litlar sem engar upplýsingar eru um fuglalíf á um fimmtungi hugsanlegs lónstæðisins vestan ár, frá Hnífa suður fyrir Eyvafen, og er nauðsynlegt að skrá fugla á því svæði.

5 HEIMILDIR

Arnþór Garðarsson 1997. Fjöldi heiðagæsar í Þjórsárverum 1996. Líffræðistofnun háskólans. Fjölrit Nr. 40. 20 bls.

Borgþór Magnússon og Ásrún Elmarsdóttir 1999. Frá Blöndulóni að Norðlingaöldu. Breytingar á jarðvatnsstöðu og gróðri mið miðlunarlón. Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 010/UM-004. 61 bls.

Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1999. Gróðurfar í lónstæði Norðlingaöldumiðlunar neðan 578 og 579 m y.s. Unnið fyrir Landsvirkjun. NÍ-99004. 15 bls.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1997. Áhrif Norðlingaöldumiðlunar á fuglalíf í Þjórsárverum. Unnið fyrir Landsvirkjun. NÍ-97018. 62 bls.